

188

19. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1959.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga frá 2. desember 1958 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1959. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

Menntamálaráðuneytið, 19. desember 1958.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

189

27. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í lögum frá 15. desember 1958
um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 15. desember 1958 og innheimta á árinu 1959 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a) Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum, vitagjald samkvæmt lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b) Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, lestagjald og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c) Með 200% viðauka gjöld samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna.
- d) Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzone.